

Öryggishandbók Ísaksskóla

SKÓLAÁRIÐ 2025 – 2026



Öryggishandbókin er byggð á Vinnuvísum Vinnueftirlitsins.
Öryggishandbókina unnu öryggisnefnd SÍJ

Áætlun um öryggi og hollustuhætti

Áætlun Ísaksskóla, um öryggi og heilbrigði á að fyrirbyggja og draga úr áhættu á slysum, óhöppum, álagi, vanlíðan og heilsutjóni sem starfsfólk og nemendur geta orðið fyrir við störf sín.

Með þessari áætlun, um öryggi og heilbrigði starfsmanna og nemenda Ísaksskóla, er leitast við að tryggja sem best vellíðan starfsmanna og nemenda og á leiðarljós hennar, vinnuverndarstarfið, að vera órjúfanlegur þáttur í starfsemi skólans. Áætlunin er yfirfarin reglulega af öryggisnefnd skólans og farið jafnóðum í úrbætur þar sem þurfa þykir.

Öryggismál Ísaksskóla eru í höndum öryggisvarðar og öryggistrúnaðarmanna. Öryggisvörður eru skólastjóri og einn fulltrúi starfsmanna og öryggistrúnaðarmenn er umsjónarmaður fasteignar og skrifstofustjóri. Öryggisnefndin tekur við athugasemdum sem tengist aðbúnaði, hollustu og öryggi nemenda og starfsmanna og leitar lausna á þeim málum sem fyrir nefndina koma.

Skólaárið 2025 – 2026 skipa eftirfarandi starfsmenn öryggisnefnd skólans:

Karen Margrét Bjarnadóttir, skrifstofustjóri, öryggistrúnaðarmaður

Matthías E. Sigvaldason, umsjónarmaður fasteignar, öryggistrúnaðarmaður

Þröstur G. Sigvaldason, fulltrúi starfsmanna, öryggisvörður

Sigríður Anna Guðjónsdóttir, skólastjóri, öryggisvörður

Helstu verkefni öryggisnefndar

- að gera áætlun fyrir skólaárið er varðar öryggismál, aðbúnað og hollustuhætti í skólanum
- að halda utan um tölulegar upplýsingar um slysatíðni þar sem fram kemur hvenær slysið átti sér stað og hvers eðlis það var
- að taka við athugasemdum um úrbætur í öryggismálum og tryggja að þeim sé sinnt
- að tryggja að sjúkrakassar séu ávallt aðgengilegir starfsmönnum og uppfærðir reglulega af starfsmönnum skólans

Efnisþáttur	Athugasemdir/skýringar	Tímaáætlun ferla/úrbóta
Vinnuverndarstarf - almennt Reglulegt vinnuverndarstarf fer fram í skólanum. Í skólanum starfar öryggisnefnd sem skipuð er skólastjórnanda, umsjónarmanni fasteignar og starfsmönnum skólans. Þrír fulltrúar hafa sótt námskeið fyrir öryggisnefnd. Skólastjóri og umsjónarmaður fasteigna fara yfir skólahúsnæðið reglulega og fylgjast með þörf fyrir viðhald og endurbætur. Endurnýjun á gleri og gluggum suðurhliðar gömlu byggingar. Rakaskemmdir í stofu 10 lagaðar. Endurnýjun lagna í stofu 2 og 1. Endurbætur á kennslustofum á gamla gangi. Forvarnaráætlun fyrir skólann endurskoðuð. Regluleg fræðsla um vinnuvernd. Unnið með vinnuslys samkvæmt reglum og lögum. Skyndihjálparnámskeið í upphafi skólaárs	Skiptum var um allt gler og alla glugga á suðurgafli gamla hússins. Í lok þeirra framkvæmda við gluggaskiptin kom í ljós raki í útvegg í stofu 10 og í framhald af því var allt allt brotið upp í horni stofunnar og allar lagnir endurnýjaðar. Í stofu 2, beint fyrir ofan voru lagnir endurnýjaðar í kringum vaskinn og eins í stofu 1 Veggurinn undir glugganum á skrifstofu Sigríðar Önnu skólastjóra var lagaður vorið 2024 en ekki er enn búið að endurnýja gluggann sjálfan. Endurnýja þarf leiktæki á skólavellinum en það er næsta mál á dagskrá. Eftir gluggaskiptin voru allar stofur málaðar. Skólastjórnendur og starfsmenn meta þörfina og leggja línur. Skólastjórnendum, umsjónarmaður húsnæðis og skólahjúkrunarfræðingur funda reglulega og leggja línurnar og meta þarfir fyrir úrbætur ef einhverjar eru Ólafur Grettisson heldur námskeið fyrir alla starfsmann	Árlega Verklök haust 2025 Verklök nóvember 2025 Verklök 2025 Verklök 2025 Árlega Árlega og reglulega Árlega

Rýmingaráætlun virkjuð og æfð. Kynning á öryggisnefnd, öryggisverði og öryggistrúnaðarmanni. Áhættumatið kynnt.	Skólastjóri, umsjónamaður fasteigna og skrifstofustjóri sjá um skipulagninguna. Öryggisnefnd sér um skipulagninguna.	Á haustönn og vorönn Árlega – Aukalega vor 2026
Hollustuhættir Vinnurými Aðbúnaður og vinnurými starfsmanna rýnd. Öll vinnurými starfsmanna endurnýjuð.	Skólastjóri, skrifstofustjóri og umsjónamaður fasteigna sjá um framkvæmd og skipulagningu. Skrifstofur, vinnustofa starfsmanna, kaffistofa starfsmanna, hvíldarrými starfsmanna, sérkennslustofa, sérkennslustofa fjöltýngdra barna, sérkennslurými í gamla anddyrinu, sérkennslurými (fiskabúrið) endurnýjuð.	Árlega 2022-2025 – Framkvæmdum lokið
Hollustuhættir Verkstöður – líkamlegt álag Leitast er við að einstaklingsmiða eins og hægt er: skrifborð, stóla, skjávinnu o.fl. Allir kennarar eru með fartölvur og nettengingu heima og geta því betur valið þá vinnuaðstöðu sem hentar þeim best. Vinnuaðstaða við kennslu. Létta tæki til staðar til að bera fram hádegismatinn og létta hluti milli staða. Lyfta komin í hús milli hæða.	Allir starfsmenn sem það vilja fá hnakka til að nota í kennslu. Sérstakir gólfstólar/púðar keyptir fyrir starfsmenn til að sitja með nemendum í heimakrókum og á gólfi. Allt leirtau og hádegismatur nemenda er ferjaður á vögnum til að draga úr burði. Milli máltíða eru vagnarnir notaðir til ýmissa flutninga á gögnum, tækjum og tólum til að draga úr burði. Allur hádegismatur er ferjaður með henni frá afhendingarstað að skólastofum til að draga úr burði.	Allt skólaárið Í góðum farvegi. Í góðum farvegi.
Hollustuhættir Þrif og uppvask Dagleg þrif eru í góðu lagi.	Starfsmaður í fullu starfi sér um uppvask eftir hádegismat nemenda ásamt þrifum í hluta	Allt skólaárið

Önnur almenn þrif eru framkvæmd eftir þörfum.	húsnæðisins. Umsjónamaður fasteigna og umsjónamaður kaffistofu sjá um þrif í u.þ.b. ½ starfi. Verktaki sér um þrif í Smiðjunni. Reglulega eru ákveðin svæði tekin sérstakleg ef og þegar þarf. Skólastofur og almenn svæði eru sótthreinsuð ef upp kemur njálgur eða önnur óáran í einstaka bekkjum.	Reglulega yfir skólaárið
Hollustuhættir Sorp Gott flæði sorps frá skólanum.	Umsjónamaður fasteigna heldur utan um þennan þátt. Gámar við skólann taka við lífrænum úrgangi, pappír og almennu sorpi. Utanaðkomandi aðili kemur a.m.k. 1 sinni í viku og tekur það sorp og annað sem þarf að fjarlægja og fer með í Sorpu til flokkunar.	Allt skólaárið
Hollustuhættir Lýsing Lýsing í dagsbirtu er til fyrirmyndar. Góð raflýsing í skólahúsnæðinu og á leikvelli.	Búið er að endurnýja mikið af ljósum. Kastarar á skólalóð endurnýjaðir fyrir nokkrum árum. Töluvert af nýjum ljósum í almennum starfsmannarýmum. Skólastjóri og umsjónamaður fasteigna halda utanum viðhald og endurnýjun þegar þarf.	Allt skólaárið
Hollustuhættir Hávaði Hljóðvist er góð í starfsmannarýmum og flestum skólastofum skólans. Hljóðvist í stofum 1-5 og í leikfimisal er ábótavant. Mikill hávaði er í Sundhöll Reykjavíkur við Barónsstíg þar sem skólasund nemenda fer fram.	Íþróttakennarar hafa fengið hljóðdempandi tæki til að verja heyrn. Skólastjóri og umsjónamaður fasteigna þrýsta á úrbætur.	Vor 2026
Hollustuhættir Efni og efnaáhrif Verkpáttur í góðum farvegi. Varasöm og hættuleg efni eru ávallt geymd í læstum skápum. Ávallt er leitast er við að kaupa umhverfisvæn efni þegar hægt er..	Skólastjóri og umsjónamaður fasteigna og eldhúss sjá um að þennan verkþátt.	Allt skólaárið
Forvarnir og fræðsla Starfsfólk er hvatt til þess að stunda líkamsrækt og nýta sér heilsustyrki stéttarfélaganna.	Regluleg hreyfing allt skólaárið mikilvæg.	Allt skólaárið

Kennarar fá sérstakan frístundastyrk árlega.	Regluleg hreyfing allt skólaárið mikilvæg. Alltaf kynnt við ráðningu	Árlega
Allir starfsmenn sem koma gangandi, hjólandi eða með almenningssamgöngum í vinnuna fá samgöngustyrk. Boðið er upp á jóga nitra einu sinni í viku fyrir starfsmenn.	Allir hvattir til að taka þátt.	Allt skólaárið Allt skólaárið
Hollur og góður matur frá Krúsku í hádeginu.	Allir starfsmenn geta nýtt sér að borða hann endurgjaldslaust.	Allt skólaárið
Boðið er upp á morgunmat í morgunkaffinu alla morgna, hrökkbrauð, smjör, ost og harð- og linsoðin egg.	Allir starfsmenn geta nýtt sér að borða hann endurgjaldslaust.	Allt skólaárið
Könnun á líðan kennara og lykilstarfsmanna. Allir kennarar skólans og lykilstarfsmenn fóru í starfsumhverfisgreiningu. Greiningin fór fram í einstaklingsviðtölum við 34 starfsmenn og niðurstöður kynntar á skipulagsdegi 19. nóvember.	Sigríður Indriðadóttir, stjórnendaráðgjafi, fyrirlesari og samskiptaþjálfari, sá um greininguna og alla eftirvinnuna.	Október/nóvember 2025
Könnun á líðan starfsfólks.	Áætlað að leggja hana fyrir á skólaárinu.	Vorönn 2026
Vinnuvernd ehf	Fyrirtækið sér um ýmsa þjónustu og ráðgjöf fyrir Ísaksskóla á sviði öryggis-, mannauðs- og heilsuverndarmála. - Boðið upp á flensubólusetningar - Trúnaðarlæknaþjónusta - Boðið upp á sálfræðiviðtöl eftir þörfum - Boðið upp á heilsufarsmælingar & ítarlegar heilbrigðisskoðanir eftir þörfum	Árlega
Vinnutími kennara: Engin viðveruskylda er hjá kennurum skólans. Föst viðvera er þó á mánudögum frá kl. 14:20-16:00. Kennarar eru með tölvu til eigin nota á vegum skólans og fjarskiptastyrk sem greiðir fyrir nettengingu heima og farsíma kennara.	Kennarar geta stýrt vinnu sinni sjálfir þegar kennslu sleppir.	Allt árið
Endur- og símenntun: Skipulögð símenntunaráætlun er til staðar í skólanum og kallað er eftir hugmyndum og tillögum frá starfsfólki þar um. Fastir fundir eru haldnir á skólaárinu þar sem starfsfólk miðlar þekkingu sín á milli (fræðakaffi). Margir starfsmenn eru í uppeldis- og kennaranámi sem skólinn styður að fullu.	Skólastjórnendur eru ábyrgir fyrir endur- og símenntun starfsmanna og sjá til þess að hún sé í takt við áhugasvið starfsmanna, stefnu skólans og þarfir starfseminnar hverju sinni	Árlega
Fyrirlestrar með uppbyggilegu efni til að styrkja félags- og andlega líðan starfsmanna	Reglulega koma fyrirlesarar og námskeiðshaldara og flytja erindi og halda námskeið	Nokkrum sinnum á skólaárinu
Áætlanir og öryggisbúnaður		
Brunaæfingar – áætlun	Uppfærð og yfirfarin.	Árlega

Rýmingaráætlun	Brunaæfingar haldnar reglulega. Skólinn rýmdur eftir áætlun undir leiðsögn skólastjóra, skrifstofustjóra og umsjónamanni fasteigna.	2 sinnum á skólaári.
Áfallaáætlun	Uppfærð og yfirfarin	Árlega
Áætlun gegn einelti starfsmanna	Áætlunin er í endurvinnslu í samvinnu Líf og sál sálfræðiþjónustu	Febrúar 2026
Vegvísir starfsmanna	Vegvísir inniheldur ýmsar mikilvægar upplýsingar fyrir starfsmenn til að hjálpa þeim að kynnast húsinu og ýmsum þáttum í skólastarfinu. Skólastjóri sér um vegvísi.	Í upphafi skólaárs og/eða þegar nýr starfsmaður bætis í hópinn.
Jafnréttisáætlun	Uppfærð reglulega	Árlega
Öryggisupplýsingar vegna nemenda/starfsfólks með sjúkdóma sem bregðast þarf sérstaklega við eins og bráðaofnæmi, hjartakvillar, flogaveiki o.fl.	Myndir og upplýsingar af einstaka nemendum sýnilegt á kaffistofu og í vinnuherbergi starfsmanna. Starfsmönnum sendur tölvupóstur ef eitthvað breytist yfir veturinn.	Í upphafi skólaárs